

16 vitaháttar, þá ekki gegn vilja lögráðamanns hans eða tilsjónarmanns. Þó er heimil
13. jan. aðgerð samkvæmt 1. tölulið 5. greinar gegn vilja viðkomanda, þegar hennar hefir verið leitað af lögreglustjóra samkvæmt dómsúrskurði (sbr. 4. tölulið 3. gr.).

Nú framkvæmir læknir aðgerð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá í einu og öllu haga aðgerðinni samkvæmt fyrirmælum í leyfi fyrir aðgerðinni samkvæmt 6. gr., auk þess sem hann skal í hvívetna fylgja ýtrustu kröfum læknisfræðinnar til tryggingar tilætluðum árangri af aðgerðinni, minnstri hættu viðkomanda af henni og því, að hann verði sem skjótast heill.

Um hverja aðgerð, sem læknir framkvæmir samkvæmt lögum þessum, skal hann þegar senda landlækni skýrslu, svo úr garði gerða sem landlæknir segir fyrir um.

8. gr.

Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, er þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

9. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða sektum, 100—10000 krónum, nema þyngri refsing varði samkvæmt öðrum lögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

17

13. jan.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa Reykhóla.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu fyrir samvinnubyggð eða til annara almenningsnota, enda mæli nýbýlastjórn ríkisins og sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu með kaupunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.